



**448.fundur í Þingvallanefnd
28.nóvember 2018**

Fundur haldinn þann 28. nóvember í herbergi forsætisnefndar í Alþingishúsi við Austurvöll kl. 11:30. Mættir voru Ari Trausti Guðmundsson formaður, Vilhjálmur Árnason, Karl Gauti Hjaltason, Líneik Anna Sævarsdóttir og Guðmundur Andri Thorsson, Páll Magnússon og Hanna Katrín Friðriksson. Fundinn sat einnig Einar Á.E. Sæmundsen þjóðgarðsvörður sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og stýrði.

1. Stefnumörkun.
Umræða um stefnumörkun þjóðgarðsins. Farið yfir svör við umsögnum. Nefndarmenn óskuðu eftir meiri tíma til að rýna stefnumörkun. Afgreiðslu frestað til næsta fundar.
2. Stækkun þjóðgarðsins.
UAR hefur óskað eftir tillögu frá þjóðgarðinum á Þingvöllum um stækkun. Rætt um möguleika stækkun þjóðgarðsins miðað við landslagsheildir og gildandi lög. Mál þarfnast meiri umræðu og var umræðu frestað til næsta fundar.
3. Önnur mál.
Þjóðgarðsvörður kynnti fyrirhugaðan fund með stjórnendum Vatnajökulsþjóðgarðs og Umhverfsstofnunar um mótun atvinnustefnu.

Ekki fleira gert og fundi slitið.